Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022

Nýr jarðstrengur frá Þeistareykjum að Kópaskerslínu

Þingeyjarsveit



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:100.000



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:100.000

Inngangur

Sveitarfélagið Þingeyjarsveit leggur hér fram breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Í breytingunni er gerð grein fyrir nýjum 66 kV jarðstreng sem til stendur að leggja frá Þeistareykjum að Kópaskerslínu 1. Hluti strengsins mun liggja innan Þingeyjarsveitar en hluti í Norðurþingi, og eru breytingar á aðalskipulagi beggja sveitarfélaganna vegna þessa unnar samhliða.

Markmið

Landsnet hyggst leggja nýjan háspenntan jarðstreng frá tengivirkinu á Þeistareykjum að mastri nr. 172 í Kópaskerslínu 1 skammt vestan Rauðhóls.

Verkefnið er hluti af endurnýjunaráætlun Landsnets. Það var upphaflega sett á framkvæmdaáætlun í kjölfar óveðra veturinn 2019 til 2020 og var þá meginmarkmið verkefnisins að tryggja afhendingaröryggi, styrkja Kópaskerslínu 1 á tveimur stöðum, annars vegar við Kópasker og hins vegar á Reykjaheiði.

Frá því að verkefnið var sett á áætlun hefur verið unnin kerfisgreining fyrir svæðisbundna kerfið á NA-landi. Við greininguna var m.a. horft til afhendingaröryggis á svæðinu og mögulegra tvítenginga afhendingarstaða. Þá bættist við að skoðað hvaða áhrif niðurrif Laxárlínu 1 hefur á afhendingaröryggi á svæðinu, en fyrirhugað er að taka línuna úr rekstri eftir spennusetningu á Hólasandslínu 3. Í greiningunni voru prófaðar lausnir sem hafa sem fjölþættastan ávinning fyrir kerfið í heild og er niðurstaðan tveir valkostir sem voru skoðaðir nánar. Við mat á ávinningi var horft til þátta eins og afhendingaröryggi á Kópaskeri, tengingu Húsavíkur, tengingu Laxárvirkjunar við meginflutningskerfið og afhendingaröryggi á svæðinu í kringum Laxárvirkjun. Í kjölfar landshlutagreiningarinnar og nýjum markmiðum hefur verkefnið verið endurskilgreint frá því sem kynnt var í síðustu útgáfu kerfisáætlunar Landsnets.

Meginmarkmið endurskilgreinds verkefnis er að tryggja afhendingaröryggi á öllu svæðinu, frá Laxárvirkjun til Kópaskers að Húsavík meðtalinni að teknu tilliti til niðurrifs Laxárlínu 1 og framtíðartengingu Húsavíkur.

Línan hefur tvisvar sinnum á síðustu 10 árum farið mjög illa út úr veðurálaupum sem gengu yfir landið. Nauðsynlegt er að styrkja línuna á völdum köflum þar sem hún er hvað útsettust fyrir óveðri til að viðhalda afhendingaröryggi á svæðinu. Með því að koma hluta línunnar í jörð er hún vernduð gegn veðurálagi.

Skörun sveitarfélagamarka í aðalskipulagi

Á því svæði sem breytingin tekur til er nokkur skörun milli sveitarfélagamarka Þingeyjarsveitar og Norðurþings, eins og þau eru sýnd á uppdráttum aðalskipulags. Nemur skörunin allt að 1,5 km.

Sveitarfélagamörk á þessu svæði fylgja jarðamörkum. Jörðin Þeistareykir er sunnan við sveitarfélagamörk og norðan þeirra er jörðin Fjöll. Landamerkjabréfum á þessu svæði ber saman og kemur fram að landamerkjalínan liggi um Rauðhól. Jarðstrengurinn er sýndur á breyttum aðalskipulagsuppdráttum beggja sveitarfélaga.

Forsendur

Fyrirhugaður jarðstrengur verður 7,8 km langur og lagður í vegkanti gamla Þeistareykjavegarins, frá tengivirki við Þeistareyki til norðurs að Kópaskerslínu 1. Innan sveitarfélagsmarka Þingeyjarsveitar, eins og þau eru sýnd í gildandi aðalskipulagi, er strengurinn 7,5 km að lengd.

Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í landsskipulagsstefnu er sett fram stefna um skipulagsgerð sveitarfélaga. Í kafla 2.5.1 Um orkunýtingu og raforkuflutning í skipulagsáætlunum í dreifbýli segir:

„Skipulagsákvarðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsákvarðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum"

Breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 og Norðurþings 2010-2030 samræmist markmiðum landsskipulagsstefnu um flutningskerfi raforku í dreifbýli.

Orkustefna til ársins 2050

Orkustefna til ársins 2050 er langtímaorkustefna stjórnvalda þar sem sett er fram framtíðarsýn og leiðarljós í orkumálum á Íslandi. Tilgreindar eru fimm meginstoðir orkustefnunnar: *Orkuöryggi, orkuskipti, orkunýting og sparnaður, samfélag og efnahagur* og *umhverfi*.

Um orkuöryggi segir m.a. að *„Orkuöryggi miðast við að tryggja nægilegt og öruggt framboð á orkugjöfum, rafmagni, heitu vatni og jarðefnaeldsneyti fyrir heimili, grunnþjónustu og atvinnulíf, sem og að vernda innviði orkuiðnaðarins fyrir truflunum vegna náttúruvár, skemmdarverka eða af öðrum orsökum"*

Varðandi flutningskerfi þá eru til staðar ákveðnir flöskuhálsar sem takmarka afhendingaröryggi. Orkustefna miðar að því að: *„Styrkja þarf flutnings- og dreifikerfi til að mæta aukinni þörf í samfélaginu, með lágmarks umhverfis áhrifum, í samráði við hagsmunaaðila og aðra sem uppbyggingin snertir. Innviðir þurfa að vera tryggir og áfallaþolnir. Áfallaþol má bæta m.a. með nægilegri flutningsgetu, varafli og/eða hringtengingum, jarðstrengjum og miðast við aðstæður og aðrar tæknilegar skorður".*

Orkustefna undirstrikar mikilvægi þess að sátt ríki um vernd náttúru og nýtingu orkuauðlinda og að öll umhverfisáhrif séu lágmörkuð eins og kostur er.

Nýr jarðstrengur er mikilvægur þáttur í raforkuöryggi á Norðurlandi eystra og samræmist þeim áherslum sem settar eru fram í Orkustefnu Íslands til ársins 2050.

Kerfis- og framkvæmdaáætlun Landsnets

Árlega leggur Landsnet fram kerfisáætlun til Orkustofnunar og gerir grein fyrir fyrirhugaðri uppbyggingu eða uppfærslu á meginflutningskerfi raforku til næstu 10 ára, ásamt framkvæmdaáætlun til þriggja ára. Fyrirhuguð framkvæmd var kynnt sem einn valkosta fyrir Kópaskerslínu á framkvæmdahluta Kerfisáætlunar 2021-2030, en ekki lagður fram sem aðalvalkostur. Eins og fram kemur hér að framan leiddi frekari kerfisgreining á landshlutakerfinu til þess og nýrra markmiða var verkefnið endurskilgreint frá því Kerfisáætlun 2021-2030 og aðalvalkostur sem þá var kynntur tekið breytingum. Orkustofnun hefur verið upplýst um þessa breytingu.

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar tók gildi í júlí 2011. Unnið er að endurskoðun þess en Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppur sameinuðust í eitt sveitarfélag, Þingeyjarsveit, vorið 2022.

Í gildandi aðalskipulagi er ekki sett fram stefna eða markmið er varða raforkuflutning. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland og sýndur er vegslóði sem jarðstrengurinn mun liggja meðfram. Einnig er þar merkt inn göngu- og reiðleið. Jarðstrengurinn mun einnig liggja nyrst um iðnaðarsvæði Þeistareykjavirkjunar.

Hverfisvernd II er sýnd á Þeistareykjasvæðinu og mun jarðstrengurinn koma að litlu leyti inná eitt slíkt. Hverfisverndin er á svæði með ákveðnum landslagsgerðum eða náttúruminjum þar sem gæta skal sérstakrar varúðar við alla mannvirkjagerð og taka tillit til þeirra náttúrufyrirbrigða sem njóta eiga sérstakrar verndar. Um er að ræða apalhraun sem er hluti Þeistareykjahrauns og nær ein sprungan að teygja sig norður fyrir Reykjaheiðarveg.

Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins.

Náttúruvernd og minjar

Samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta tiltekin nútímahraun sérstakrar verndar og forðast ber að raska þeim. Fyrirhuguð strengleið er um Skildingahraun. Í gögnum Landsnets kemur fram að fyrirhugað sé að leggja strenginn ofan í hraunið en stafla uppgröfnu efni yfir skurðstæðið að verki loknu, til að lágmarka rask á hrauninu. ,

Engar þekktar fornminjar eru á svæðinu sem breytingum tekur.

Breyting á aðalskipulagi

Bætt er við ákvæðum um helgunarsvæði jarðstrengja í kafla 4.12.1 Rafveita í greinargerð: Helgunarsvæði jarðstrengs er alls 5 metrar til beggja átta. Engar framkvæmdir eru heimilaðar innan helgunarsvæðis nema í samráði við Landsnet.

Gerð er breyting á sveitarfélagsuppdrætti og nýr jarðstrengur sýndur meðfram gamla Þeistareykjarvegi frá Þeistareykjum til norðurs að sveitarfélagamörkum.

Umhverfismatsskýrsla

Framkvæmdir við fyrirhugaðan jarðstreng eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, skv. flokki B, sbr. tl. 13.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Þar segir:

„Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A, utan þess sem fellur undir tölul. 13.01, og flokki B sem hafa verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif."

Framkvæmdin fellur einnig undir tl. 10.16 þar sem farið er um svæði sem nýtur sérstakrar verndar.

Landsnet hefur tilkynnt framkvæmdina til Skipulagsstofnun sem hefur ákvarðað að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum, þar sem framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Valinn kostur

Óbreytt ástand þykir ekki koma til greina lengur vegna bilana í flutningskerfinu sem orðið hafa undanfarin ár þegar slæmt veður hefur gengið yfir landið. Bilanir hafa haft áhrif á fjölda heimila og fyrirtækja á Norðausturlandi. Nauðsynlegt er að styrkja flutningskerfið á völdum köflum þar sem það er hvað útsettast fyrir óveðri, til að viðhalda afhendingaröryggi á svæðinu. Með því að setja línuna í jörð er hún vernduð gegn veðurálagi og þannig er raforkuöryggi best tryggt til samfélagsins á afhendingarsvæði raforkunnar. Valin leið er styst og liggur um þegar raskað hraun. Skoðað var að leggja strenginn beint í vegslóðina, en þar sem slóðin er víða þröng, yrði væntanlega að fara með tæki og efni á afmörkuðum köflum út fyrir slóð á framkvæmdatíma. Því þótti betri kostur að nýta slóðina fyrir tæki á framkvæmdatíma og halda raski þá eingöngu í skurðstæði í kanti vegslóðar. Ekki koma aðrir valkostir til greina til að ná settum markmiðum.

Áhrif

Áhrif á landnotkun eru óveruleg. Svæðið er notað fyrir sauðfjárbeit á sumrin og áhrif verða mjög staðbundin á framkvæmdatíma. Gamli Þeystareykjavegslóðinn verður ekki notaður fyrir aðra en framkvæmdaraðila. Næst Kópaskerslínu 1 mun jarðstrengurinn liggja á fjarsvæði vatnsverndar innan sveitrfélagsmarka Norðurþings, en mestallur Öxarfjörður, Kelduhverfi og heiðarnar upp af því eru

vatnsverndarsvæði. Vatnsbólið sjálft í Lónum er í rúmlega 16 km fjarlægð í beinni loftlínu. Vegna fjarlægðar í vatnsból og vegna lítilla umsvifa framkvæmdar eru áhrif á vatnsverndina metin óveruleg.

Áhrif á gróður eru óveruleg. Við framkvæmdir munu vinnuvélar og ökutæki fara eftir gamla Þeistareykjavegslóðanumstærstan hluta leiðarinnar. Jarðstrenginn sjálfan þarf að grafa meðfram veginum og fylgir því óhjákvæmilega rask á gróðri. Gróðurhulan er mjög misþykk, sums staðar er enginn gróður og bara mold, annars staðar eru þykkar gróðurtorfur alveg upp við veg. Þar sem gróður er til staðar mun framkvæmdaraðili leitast við að halda svarðlaginu í heilu lagi þar sem það er hægt og endurnýta að loknum framkvæmdum en annars verði sáð í skurðsár með tegundum í samræmi við núverandi gróður. Sambærilegt verklag var viðhaft við fyrri framkvæmdir á svæðinu og heppnaðist endurheimt vel. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu um matsskyldu eru ekki gerðar athugasemdir við ofangreint verkleg og þar kemur einnig fram að á strengleiðinni séu ekki skráðar válistaplöntur. Í ljósi þessa eru áhrif á gróður metin óveruleg.

Áhrif á ásýnd og landslag eru óveruleg. Við framkvæmd verður að sögn framkvæmdaraðila nokkuð rask þar sem ekki er hægt að plægja jarðstrenginn niður heldur þarf að grafa skurð sem veldur neikvæðum áhrifum á framkvæmdatíma. Þegar verki við lagningu jarðstrengsins verður lokið verður gengið frá yfirborði lands, fyllt upp í skurðinn með fyrri jarðvegi og gengið frá eins vel og kostur er, og umframefni jafnað út. Raskið er við hlið vegslóða og er því ekki um óraskað land að fara nema nyrstu 50 metrana innan sveitarfélagsmarka Norðurþings þar sem Kópaskerslína 1 liggur ekki alveg að vegslóðanum. Lega jarðstrengs verður merkt á yfirborði. Langtímaáhrif af framkvæmdinni eru metin óveruleg.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Með því að styrkja dreifikerfi raforku og auka afhendingaröryggi hefur það jákvæð áhrif á íbúa og starfsemi sem er mjög háð raforkuafhendingu, eins og fiskeldi, fiskvinnsla, slátur- og frystihús og kúabú svo eitthvað sé nefnt.

Áhrif á minjar og verndarsvæði eru óveruleg. Engar þekktar minjar eru á svæðinu. Strengleiðin er öll á Skildingahrauni, sem er nútímahraun sem nýtur sérstakrar verndar. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu um matsskyldu kemur fram að á hrauninu er jarðvegs og gróðurhula svo lítið sést í hraunmyndanir. Þar sem strengleiðin sneið að mestu fram hjá rishólum sem standi upp úr og sprungum í hrauninu þá telur stofnunin að ekki verði mikið rask á jarðminjum. Strengurinn fer um nyrsta hluta hverfisverndarsvæðis HV-2. Mögulegt er að svæði innan þess verði raskað en með hönnun og verklagi sem tekur tillit til sérstæðra náttúrufyrirbrigða ætti að vera hægt að halda raski í lágmarki eða forðast það alveg.

Niðurstaða

Sveitarfélagið Þingeyjarsveit tekur undir niðurstöðu Skipulagsstofnunar um að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Sveitarfélagið telur að með lagningu jarðstrengs frá Þeistareykjum að Kópaskerslínu sé verið að styrkja afhendingaröryggi raforku til muna, með lágmarks áhrifum á umhverfið.

Mikilvægt er að við nánari útfærslu og hönnun verði vel hugsað um að halda raski í lágmarki og að frágangur verði til fyrirmyndar.



AÐALSKIPULAG ÞINGEYJARSVEITAR 2010-2022

SKÝRINGAR

- Landbúnaðarsvæði
- Óbyggð svæði
- Iðnaðarsvæði
- Gangnamannakofar, skálaskálar og fjallasel
- Héraðs- og landsvegir og aðrir vegir eða slóðar - Aðeins til skýringar
- Helstu göngu- og reiðleiðir
- Háspennulínur
- Hitaveita
- Hverfisvernd
- Svæði sem tekur breytingum

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem var auglýst frá 1.02.23 til 15.03.23 skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann 27.04.23

f.h. Þingeyjarsveitar

Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar

Aðalskipulagsbreyting þessi var samþykkt af Skipulagsstofnun þann 05.06.23

EFLA

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022
Nýr jarðstrengur frá Þeistareykjum að Kópaskerslínu
Aðalskipulagsbreyting

VERK:	BLAÐSTÆRÐ:	UNNIÐ:	RÝNT:
101229	A2	AB	IS/HB
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
1:100.000	17.10.2022	---	

SAMÞYKKT: